

# Aðalstjórnarfundur UMFT

11. maí 2009

Mættir: Gunnar Þór, Magnús, Elínborg, Jón Daníel og Kristjana.

## Dagskrá:

Styrktarsamningur við Nýja Kaupþing  
Unglingalandsmóti UMFÍ  
Tækifæri hjá Vinnumálastofnun - atvinnuleysistr.sjóður  
Önnur mál

1. Samningur aðalstjórnar við Kaupþing (gamla) rann út á síðasta ári. Nýja Kaupþing hefur boðið UMFT nýjan samning. Stjórn UMFT felur formanni, Gunnari Þór Gestssyni að ganga frá nýjum samningi við Nýja Kaupþing.
2. Rætt um að aðalstjórn UMFT niðurgreiði mótsgjald á Unglingalandsmóti fyrir þátttakendur á vegum Tindastóls.

Aðalstjórn Tindastóls samþykkir að niðurgreiða þáttökugjald til iðkenda hjá Tindastóli um kr. 3.000 á Unglingalandsmóti 2009. Skilyrði er að iðkendur greiði æfingagjöld til deilda félagsins eða í gegnum Sumartím.

Samþykkt að þessar upplýsingar komi fram í kynningarauglýsingu vegna mótsins.

3. Gunnar Þór sagði að komin væri samþykkt frá Vinnumálastofnun um ráðningu starfsmanna í tvö átaksverkefni fyrir félagið. Eftir er að ganga frá ráðningunni.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert

Kristjana Jónsdóttir, ritari.